

Fundargerð 148. fundur stjórnar Fræðslusjóðs

Þriðjudaginn 3. febrúar 2026 kl. 13 - 14:30

Fundurinn er fjarfundur.

Boðuð: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Helga Kristín Kolbeins, Hulda Birna Baldursdóttir, Karl Rúnar Þórsson, Maj-Britt Hjördís Briem, Margrét Sigurðardóttir

Gestur: Haukur Harðarson, sérfræðingur hjá FA

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson

Dagskrá

1. Fundargerð 147. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin hefur verið samþykkt og undirrituð af öllum fundarmönnum.

2. Staðfest úthlutun 2026

Afgreiðsla: Úthlutun fyrir 2026 var staðfest af stjórnarmönnum með tölvupósti í byrjun janúar sl.

3. Rafrænt umsýslukerfi fyrir raunfærnimat - Staðan

Haukur Harðarson, sérfræðingur hjá FA fór yfir markmið rafræns kerfis fyrir raunfærnimat.

Markmið rafræns umsýslukerfis fyrir raunfærnimat er að koma ferli raunfærnimats í hagkvæmt, miðlægt og rafrænt form sem gerir framkvæmd raunfærnimats til styttingar á námi og á móti hæfniviðmiðum starfa skilvirkari og aðgengilegri fyrir alla sem að því koma. Markmiðið með kerfinu er einnig að auka öryggi gagna sem unnið er með við mat á raunfærni. Kerfinu er m.a. ætlað að halda utan um alla mats- og skimunarlista og öll önnur gögn og alla framkvæmd raunfærnimats. Í dag fara nánast öll samskipti milli aðila fram með tölvupósti. Áætlaður stofnkostnaður er rúmar 20 milljónir.

Vinna er hafin við fjármögnun á stofnkostnaði og verður lagður aukinn þungi í þá vinnu á næstu vikum.

Hulda Anna benti á að samkvæmt 14. gr. reglugerðar um framhaldsfræðslu 1163/2011 á að skrá niðurstöður raunfærnimats „í gagnagrunn á vegum stjórnvalda“, en í máli fulltrúa FA kom fram að umsýslukerfinu er ekki ætlað að koma í stað fyrir skráningu á niðurstöðum í gagnagrunn stjórnvalda.

Stjórn Fræðslusjóðs lýsti sig jákvæða gagnvart verkefninu og telur mjög mikilvægt að fræðsluaðilar nýti sér kerfið verði það að veruleika. Um aðkallandi gæðamál sé að ræða.

4. Endurskoðun á skilmálum- og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs

Skilmálar- og úthlutunarreglur Fræðslusjóðs eru frá 2014 og orðið aðkallandi að taka til endurskoðunar. Stjórn fól formanni stjórnar í samráði við FA að finna tíma á vormánuðum fyrir starfsdag stjórnar til að hefja þessa vinnu.

5. Erindi frá samstarfsaðilum:

- a. Erindi frá Símenntunarmiðstöð Vesturlands - Flutningur milli flokka - fskj. 04a

Afgreiðsla: Samþykkt. Umsýsluaðila Fræðslusjóðs falið að svara erindinu.

- b. Erindi frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða - Flutningur milli flokka - fskj. 04b

Afgreiðsla: Samþykkt. Umsýsluaðila Fræðslusjóðs falið að svara erindinu.

- c. Erindi frá Austurbrú - Akstur - fskj. 04c

Afgreiðsla: Reglur um akstur eru til endurskoðunar hjá stjórn Fræðslusjóðs og verður tekið tillit til þess við úthlutun næsta árs. Umsýsluaðila Fræðslusjóðs falið að svara erindinu.

6. Önnur mál

- a. Færni á vinnumarkaði

Fræðslusjóður hefur fengið 12 milljóna framlag til verkefnisins Færni á vinnumarkaði. Það dugar til að keyra námið 3 – 4 sinnum á árinu hjá fræðsluaðilum.